



ÚTTEKT Á SKÓLABRAG OG SAMSKIPTUM Í GERÐASKÓLA

Unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti

Birna Sigurjónsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir

Efnisyfirlit

Samantekt á niðurstöðum	3
1 Inngangur	4
2 Aðferðir og framkvæmd úttektar	5
3 Skólabragur	6
Skólabragur: Stefna og viðhorf	6
Skólabragur: Líðan nemenda	7
Skólabragur: Nemendalýðræði	8
Skólabragur: Verklagsreglur og áætlanir og framkvæmd þeirra	9
Skólabragur: Samskipti og samstarf	11
4 Viðauki - Viðmið	14

Samantekt á niðurstöðum

Miklum meirihluta nemenda líður vel í skólanum. Einelti hefur minnkað á milli ára en er ennþá til staðar. Nýir stjórnendur, sem almenn ánægja er með, hafa gripið til ýmissa ráðstafana til að sporna við einelti og bæta líðan nemenda og leggja mikið upp úr nemendamiðuðu skólastarfi. Þeir hafa í vetur beint öllum erfiðum samskipta- og eineltismálum beint inn til sín til þess að fá yfirsýn yfir stöðu mála. Stundaskrá hefur verið breytt og nýtt eineltisteymi skipað. Rýnt hefur verið í niðurstöður kannana á líðan nemenda og ráðstafanir gerðar út frá þeim. Til stendur að þjálfa upp nýja leiðtoga í Olweusar-verkefninu sem skólinn hefur verið þátttakandi í.

Flestir viðmælendur telja skólabrag góðan, starfsmenn í rýnihópum eru ánægðir með sitt samstarf og nemendur í rýnihópum voru almennt ánægðir með samskipti við kennara, starfsmenn og stjórnendur. Góð samskipti við samfélagið í Garði eru skólastjóra hugleikin og hafa allir foreldrar verið boðaðir á fundi til þess að efla þau samskipti. Viðmælendur töldu að meiri jákvæðni ríki í garð skólans nú en áður. Samskipti skólans við fræðsluyfirvöld í Garði eru góð að mati viðmælenda.

Þrátt fyrir að ýmis jákvæð teikn séu á lofti í skólastarfinu er þó enn verk að vinna. Alvarleg eineltismál hafa komið upp í skólanum á undanförunum árum og enn virðist skorta á fagleg viðbrögð þegar slík mál koma upp. Samráð við foreldra í eineltismálum, bæði foreldra þolenda og gerenda, þarf einnig að bæta. Áriðandi er að virkja kennara og aðra starfsmenn samkvæmt endurskoðaðri eineltisáætlun, s.s. með bekkjarfundum í öllum bekkjum, nemendaviðtölum, almennri ábyrgð og afskiptum allra af nemendum. Birta þarf endurskoðaða eineltisáætlun hið fyrsta og móta verklagsreglur um hvernig unnið er með bæði þolendum og gerendum ofbeldis og eineltis og fylgja þeim reglum. Finna þarf þá nemendur sem lagðir eru í einelti og vinna markvisst að betri líðan þeirra. Jafnframt þarf að efla gæslu í frímínútum, bæði inni og úti.

Móta þarf leiðir til að koma á og viðhalda góðum skólabrag sem einkennist af gagnkvæmri virðingu og tillitssemi og halda áfram að bæta vinnufrið í kennslustundum og bekkjaranda. Tryggja þarf að allir kennarar veiti reglulega upplýsingar um nám, hegðun, líðan og samskipti nemenda. Einnig þarf að veita kennurum skólans markvissan stuðning með það að markmiði að efla þá í starfi.

Brýnt er að efla samstarf foreldra og skóla þannig að foreldrar verði virkir þátttakendur í skólastarfinu. Allir hagsmunahópar þurfa að standa saman að því að byggja upp traust á skólanum þannig að allir geti verið stoltir af góðum skóla í sveitarfélaginu Garði.

1 Inngangur

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir úttekt á skólabrag og samskiptum í Gerðaskóla í Garði. Úttektin var gerð á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins að beiðni fagráðs eineltismála eftir að tilvísun barst ráðinu þann 13. mars 2015 vegna alvarlegs eineltismáls í skólanum. Ráðuneytið fól Birnu Sigurjónsdóttur og Sigríði Sigurðardóttur að gera úttektina.

Markmið úttektarinnar var að athuga og leggja mat á:

- Fagleg vinnubrögð starfsfólks skólans þegar eineltismál koma upp
- Samskipti starfsfólks innan skólans og við foreldrasamfélagið
- Samskipti nemenda og starfsfólks skólans
- Samskipti fræðslufirvalda í Garði við foreldra og skóla

Auk þess var skoðað hvernig unnið er að skólabrag sbr. 30 grein laga um grunnskóla nr. 91/2008, reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum og viðmið um gæði í skólastarfi/skólabragur.

Í Gerðaskóla í Garði eru 205 nemendur í 11 bekkjardeildum skólaárið 2015-2016. Kennarar eru 25 og annað starfsfólk 15. Skólastjóri er Jóhann Geirdal Gíslason og aðstoðarskólastjóri er Ragnhildur Einarsdóttir. Þau hófu bæði störf við skólann árið 2015. Skólinn starfar eftir stefnu sveitarfélagsins Garðs fyrir árin 2014-2020 en sérfræðiþjónusta er sótt til Reykjanesbæjar.

Hér á eftir verður fyrst gerð grein fyrir framkvæmd úttektarinnar og gagnaöflun og því næst verða niðurstöður settar fram.

2 Aðferðir og framkvæmd úttektar

Matsmenn höfðu samband við skólastjóra í byrjun desember 2015 en áður hafði mennta- og menningarmálaráðuneytið sent skólastjóra og sveitarfélaginu bréf þar sem úttektin var kynnt. Skólastjóri sendi foreldrum kynningarbréf þar sem farið var yfir úttektina og ástæður hennar. Í bréfinu var foreldrum boðið að hafa samband við matsmenn í tölvupósti ef þeir vildu koma á framfæri ábendingum varðandi samskipti og skólabrag en enginn hafði samband.

Matsmenn kynntu sér skólanámskrá Gerðaskóla 2015-16, sjálfsmatsáætlun skólans, niðurstöður úr Skólapúlsinum, niðurstöður Olweusarkannana og önnur gögn um skólann áður en úttekt hófst. Gagnaöflun fór fram í desember 2015 og janúar 2016, þar sem matsmenn fóru þrisvar á vettvang til að taka viðtöl og ræða við rýnihópa. Gagna var aflað á eftirfarandi hátt:

Viðtöl/rýnihópar/samtöl:

- Viðtal við skólastjóra og aðstoðarskóla Gerðaskóla
- Eitt rýnihópaviðtal við nemendur í 5.-7. bekk og annað við nemendur í 8.-10. bekk
- Tvö rýnihópaviðtöl við kennara
- Rýnihópaviðtal við almenna starfsmenn
- Viðtal við formann foreldraráðs
- Viðtal við formann skólaráðs
- Viðtal við bæjarstjóra
- Tvö viðtöl við foreldra barna sem lent hafa í einelti í skólanum
- Viðtal við framkvæmdastjóra Olweusaráætlunarinnar á Íslandi
- Símtal og upplýsingar í tölvupósti frá fræðslustjóra Reykjanesbæjar

Niðurstöður kannana:

- Niðurstöður úr nemendakönnunum Skólapúlsins frá hausti 2015 og frá skólaárinu 2014-15
- Niðurstöður úr starfsmannakönnun Skólapúlsins frá vori 2015
- Niðurstöður Olweusarkannana 2013-2015

Greining gagna:

- Skólanámskrá almennur hluti 2015-16
- Sjálfsmatsáætlun Gerðaskóla
- Ýmis gögn á heimasíðu Gerðaskóla

Metið var út frá viðmiðum um skólabrag fyrir ytra mat á grunnskólum sem unnin voru í samstarfi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og Námsmatsstofnunar (sjá í viðauka). Matsmenn fóru fyrst einslega yfir öll gögn og mátu svo saman út frá áðurnefndum viðmiðum.

3 Skólabragur

Hér á eftir eru settar fram niðurstöður um mat á skólabrag og samskiptum í Gerðaskóla. Niðurstöður eru að mestu settar fram eftir köflum í viðmiðum um skólabrag fyrir ytra mat á grunnskólum (sjá í viðauka), þar sem fyrst er fjallað um stefnu og viðhorf, því næst um líðan nemenda, þá nemendalýðræði og að lokum um verklagsreglur og áætlanir og framkvæmd þeirra. Vegna áherslu á mat á samskiptum í úttektinni voru þær niðurstöður dregnar fram í sérstökum kafla.

Skólabragur: Stefna og viðhorf

Sveitarfélagið Garður hefur mótað skólastefnu og framtíðarsýn skólastarfs fyrir árin 2014-2020. Það var gert m.a. með þátttöku íbúa, leikskólabarna og nemenda á skólaþingum. „Stefnan byggir upp skuldbindingu og traust og er öflug hvatning til umbóta“ segir á heimasíðu sveitarfélagsins. Á haustdögum unnu nemendur grunnskólans með gildi skólastefnunnar sem eru: **árangur, virðing, gleði, leikur, sköpun og ábyrgð** og má sjá afrakstur þeirrar vinnu á veggjum skólans. Að sögn kennara skapaðist skemmtileg umræða um hugtökin sem varð til að efla skilning nemenda á þeim.

Lögð er áhersla á „heilbrigðan og góðan skólabrag“ segir í skólanámskrá Gerðaskóla en þar segir ekki á hvern hátt né hvernig eigi að efla og viðhalda þeim skólabrag. Ekki er ljóst hvort eða hvernig fjallað er um skólabrag í greinanámskrám þar sem þær voru í vinnslu þegar matið fór fram en verða settar á heimasíðu á vorönn að sögn skólastjóra.

Viðhorf samfélagsins til skólans virðast mótast töluvert af erfiðum málum sem hafa komið upp á undanförunum árum. Jafnframt kemur fram hjá viðmælendum að þeir telja að breyting sé að verða þar á og meiri jákvæðni ríki í garð skólans nú en áður. Flestir viðmælendur segja að skólabragur sé góður og góður andi í skólanum, „betri nú en áður.“ Nemendur hafa alltaf fengið hrós þegar farið er á vegum skólans og mér hefur alltaf fundist kennarar og starfsfólk tilbúið að leggja sig fram segir formaður skólanefndar. Líka hafa ákveðnar hefðir, vorhátíð, árshátíðin og íþróttadagurinn jákvæð áhrif á skólabraginn. Sú rödd heyrst þó einnig að skólabragurinn „mætti vera betri“ og er þar verið að vísa til agaleysis sem viðkomandi finnst einkenna ákveðna hópa nemenda.

Skólinn er fyrir nemendur, segir skólastjóri í viðtali, það er hans viðhorf og hann heldur því á lofti. Að hans mati hefur bragur skólans verið „kæruleysislegur“ að sumu leyti, kannski vegna tíðra skipta á stjórnendum. Hann vill gera ýmsar breytingar á skólastarfinu og skipulaginu en jafnframt hlusta á starfsfólkið og kynna sér stöðuna áður.

Kennurum í rýnihópi finnst umræðan um skólann hafi verið óvægin undanfarin ár og segja auðvelt að eyðileggja orðspor skóla en erfitt að leiðrétta það. Kennarar tala einnig um skort á virðingu frá nemendum og frá heimilum fyrir starfi skólans en foreldrum sem rætt var við finnst að nemendum sé ekki alltaf sýnd tillitssemi og virðing af hálfu starfsfólks.

Styrkleikar

- Í skólanámskrá kemur skýrt fram að stefnt skuli að góðum skólabrag.
- Flestir viðmælendur telja skólabrag góðan og að góður andi ríki í skólanum.

- Nýir stjórnendur eru meðvitaðir um að breytinga er þörf og hafa tekið tíma til að meta stöðuna og undirbúa þær.
- Allir nemendahópar unnu með gildi skólans/sveitarfélagsins á haustönn.
- Meiri jákvæðni virðist ríkja í garð skólans nú en áður.

Tækifæri til umbóta

- Vinna áfram með gildi skólastefnunnar þannig að þau móti nám og starf í skólanum.
- Móta leiðir til að koma á og viðhalda góðum skólabrag sem einkennist af gagnkvæmri virðingu og tillitssemi.
- Kynna jákvæða og sterka þætti í skólastarfinu og stuðla að jákvæðri umræðu um skólann í skólasamfélaginu.

Skólabragur: Líðan nemenda

Árlega eru gerðar kannanir á einelti og líðan hjá nemendum í tengslum við Olweusar verkefnið sem skólinn er þátttakandi í og einnig eru lagðar fyrir nemendur kannanir Skólapúlsins. Kennarar leggja einnig fyrir tengslakannanir í bekkjum og líðan yngstu nemendanna er könnuð með einföldum broskallakönnunum. Að sögn viðmælenda í skólanum er unnið með og brugðist við niðurstöðum þessara kannana. Niðurstöðurnar eru kynntar fyrir starfsfólki, foreldrum, skólaráði og skólanefnd.

Samkvæmt könnun Skólapúlsins haustið 2015 er ekki marktækur munur á einelti í Gerðaskóla og í öðrum þátttökuskólum. Þrír nemendur segjast hafa verið lagðir í einelti á síðustu 30 dögum. Fram kemur hjá þessum nemendum að eineltið eigi sér stað í hádegishléi, í frímínútum, bæði inni og úti, og á netinu. Fjöldi þátttakenda í könnuninni var 47 í 6. til 10. bekk og svarhlutfall var 85%. Í könnunum Skólapúlsins skólaárið 2014-15 kemur heldur ekki fram marktækur munur á einelti.

Í síðustu könnun Olweusar fyrir nemendur í 5.-10. bekk, sem lögð var fyrir á haustönn 2015, segjast um 6% þeirra sem svöruðu hafa orðið fyrir einelti tvisvar í mánuði eða oftar á undanförunum mánuðum. Um 10% segjast mjög sjaldan hafa orðið fyrir einelti en 84% sögðust ekki hafa verið lagðir í einelti. Svörin í könnuninni var 92,5%. Einelti hefur minnkað frá því í könnunni 2014, en þá hafði eineltistilfellum fjölgað umtalsvert frá því í könnunum 2013 og 2012.

Skólastjórnendur sögðu í viðtali að tvær formlegar eineltistilkynningar hefðu komið á haustönn 2015, nákvæm skráning fór þá í gang og fylgst var með nemendunum í hálfan mánuð. Ekkert kom út úr því og lauk málum með því að fundað var með foreldrum.

Í könnun Skólapúlsins haustið 2015 er ekki marktækur munur á svörum nemenda í Gerðaskóla og í öðrum þátttökuhópum þegar samsömun við nemendahópinn er mæld. Undir þann þátt falla viðhorf nemenda til skólans, að hve miklu leyti nemendum þykir þeir tilheyra skólanum og að skólinn sé staður þar sem þeim líði vel. Um 90% svarenda eru sammála fullyrðingunni *í skólanum mínum er allt í besta lagi*. Í könnunum Skólapúlsins á sömu þáttum skólaárið 2014-15 var heldur ekki marktækur munur á svörum nemenda í Gerðaskóla og í öðrum þátttökuskólum.

Nemendur í rýnihópum töldu að flestum nemendum liði vel í skólanum. Þeir vissu ekki af einelti í skólanum í vetur en könnuðust við slíkt frá fyrri árum. Einhverjir væru þó einmana. Kennarar í rýnihópum töldu einnig að flestum nemendum liði vel í skólanum.

Í könnun Skólapúlsins, bæði skólaárið 2014-15 og haustið 2015, er neikvætt marktækur munur á Gerðaskóla og öðrum þátttökuskólum hvað varðar aga í tímum. Nokkrar fullyrðingar liggja til grundvallar þeim þætti, þar sem spurt er *hversu oft gerist eftirfarandi í tímum hjá þér*. Þær fullyrðingar þar sem marktækur munur mælist eru *nemendur hlusta ekki á það sem kennarinn segir* og *nemendur byrja ekki að vinna fyrir en langt er liðið á kennslustundina*. Nemendur í rýnihópum sögðu það mjög misjafnt hvort vinnufriður ríkti í tímum og það færi eftir kennurum. Nemendur töldu áriðandi að bæta vinnufriðinn. Kennarar í rýnihópum sögðu vinnufrið ríkja þegar þess þyrfti og einn kennari sagði að vinnufriður í sínum bekk væri mikið betri eftir að hann hefði markvisst breytt kennsluháttum þar sem nemendur vinni meira saman en áður.

Skólastjórnendur sögðust í viðtali rýna í niðurstöður úr Skólapúlsinum með kennurum skólans og er að sögn skólastjóra verið að vinna að bættum aga og vinnufriði og meðal annars hefðu markvissar aðgerðir í þeim bekk sem verst kom út skilað góðum árangri.

Styrkleikar:

- Miklum meirihluta nemenda virðist líða vel í skólanum.
- Vel er fylgst með líðan nemenda með könnunum.
- Stjórnendur rýna markvisst í niðurstöður þessara kannana og hafa þegar hafið úrbætur.

Tækifæri til umbóta:

- Finna þarf þá nemendur sem lagðir eru í einelti og vinna marvisst að bættri líðan þeirra samkvæmt nýrri eineltisáætlun og í samráði við foreldra bæði geranda og þolenda.
- Halda áfram að vinna að betri aga og vinnufriði í samráði við nemendur og foreldra.

Skólabragur: Nemendalýðræði

Nemendafélag er starfandi í skólanum og stjórn þess skipa fulltrúar nemenda í 7. til 10. bekk. Nemendur í rýnihópi töluðu um stjórnina sem nemendaráð. Að sögn nemenda í rýnihópum bjóða nemendur sig fram í stjórnina og svo er valið úr þeim sem vilja vera með og eru það kennari og æskulýðsfulltrúi sem velja í ráðið. Þeir nemendur í rýnihópum sem setið höfðu í stjórninni sögðu að fundir væru boðaðir með dagskrá og fundargerðir ritaðar. Nemendur sögðu að stjórnin kæmi að skipulagningu ýmissa viðburða í félagslífinu og kennarar í rýnihópum töluðu um aðkomu hennar að gerð skólareglna. Nemendur í rýnihópum sögðu að ef þeir þyrftu að koma skoðunum sínum á framfæri í skólanum þá myndu þau tala við fulltrúa nemenda í stjórn nemendafélagsins eða skólastjóra og því væri alltaf vel tekið.

Þeim sem ekki komast að í stjórn nemendafélagsins er boðið að vera í íþróttaráði. Að sögn nemenda getur ráðið skipulagt mót og komið að því að ákveða hvaða leikir eiga að vera í boði í frímínútum í gegnum vinaliðaverkefni sem hófst í haust að frumkvæði foreldrafélagsins. Nemendur könnuðust ekki við að bekkjarráð væru starfandi. Formaður og

varaformaður stjórnar nemendafélagsins eru fulltrúar nemenda í skólaráði og að sögn nemenda sem þar hafa starfað er hugmyndum þeirra vel tekið í ráðinu.

Kennarar í rýnihópi sögðust ekki vera með sérstök nemendasamtöl en rætt væri við nemendur eftir þörfum. Bekkjargundir væru einu sinni í viku í lífsleikni- og umsjónartímum. Nemendur í rýnihópum sögðu það misjafnt eftir bekkjum hvort bekkjargundir væru haldnir. Þau könnuðust ekki við að setja sér markmið í námi og sögðust stundum vinna saman en það væri ekki oft.

Í könnunum Skólapúlsins mælist ekki marktækur munur á Gerðaskóla og öðrum þátttökuskólum á virkri þátttöku nemenda í tímum.

Nemendur í rýnihópum voru ánægðir með félagslífið í skólanum og það sama má segja um foreldra.

Styrkleikar:

- Nemendafélag er starfandi við skólann.
- Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði.
- Nemendur eiga fulltrúa í íþróttaráði.
- Nemendur eru virkjaðir til ábyrgðar með þátttöku í vinaliðaverkefni.

Tækifæri til umbóta:

- Kjósa ætti fulltrúa nemenda í nemenda- íþrótt- og skólaráð á lýðræðislegan hátt.
- Kjósa nemendur í bekkjarráð í hverjum bekk.
- Koma á reglulegum nemendasamtölum.
- Auka virkni og ábyrgð nemenda í námi, s.s. með auknu vali, setningu markmiða, aukinni samvinnu og samræðu.

Skólabragur: Verklagsreglur og áætlanir og framkvæmd þeirra

Í skólanámskrá Gerðaskóla fyrir skólaárið 2015-2016, almennum hluta, er m.a. fjallað um einelti í kafla um samskipti og líðan. Þar er m.a. lögð áhersla á mikilvægi þess að hafa „varanlegan viðbúnað um hvernig vinna eigi gegn tilhneigingum til eineltis.“ „Um árabíl hefur verið leitast við að vinna að eineltismálum á markvissan hátt með áherslu á forvarnir gegn einelti“ segir þar einnig.

Aðgerðaáætlun gegn einelti er í skólanámskrá sögð vera á heimasíðu en svo reyndist ekki vera við skoðun á henni (2. feb. 2016). Ný aðgerðaáætlun er í smíðum og verður að sögn skólastjóra tilbúin fyrir næsta skólaár. Í rýnihópum kannast viðmælendur við aðgerðaáætlun gegn einelti og segja að unnið sé eftir henni þegar einelti kemur upp eða þegar tilkynningar um einelti berast og eru þeir þá að vísa til þeirrar áætlunar sem unnið hefur verið eftir áður. Kennarar í rýnihópum voru sumir óvissir um stöðu þessara mála í vetur.

Nýtt eineltisteymi skipað skólastjórnendum, námsráðgjafa, hjúkrunarfræðingi og þroskajálfa tók til starfa í haust og hittist eftir þörfum til að vinna með þau mál sem upp koma. Ábendingar berast beint til stjórnenda eða teymisins, hvort sem er frá kennurum, foreldrum eða nemendum sjálfum. Að sögn vildi skólastjóri stytta boðleiðir til að geta tekið

strax á málum „því færri milliliðir því betra“ segir hann. Nemendur og foreldrar í rýnihópum könnuðust vel við þetta verklag og fram kom að gott væri að leita til stjórnenda.

Skólinn hefur verið þátttakandi í Olweusarverkefni gegn einelti en virkni þess hefur dalað síðastliðin ár. Í sumum árgöngum eru reglulegir bekkjarfundir en annars staðar er umræðan tekin þegar eitthvað kemur upp, segir í rýnihópi kennara. Í rýnihópum kennara kemur fram að farið er yfir skólareglur og rætt um einelti í skólabyrjun að hausti og nemendur í rýnihópi þekka eineltishringinn og segja að rætt sé um hann.

Eins og fram kemur í inngangi er ástæða þessarar úttektar alvarlegt eineltismál sem kært var til fagráðs eineltismála á vorönn skólaárið 2014-15. Það er álit fagráðsins að ekki hafi verið tekið nógu vel á því máli innan skólans og þau gögn sem aflað var í tengslum við þessa úttekt benda til þess sama. Samkvæmt nýjustu könnun Olweusar finnst um helmingi þeirra nemenda sem þátt tóku að kennarar eða aðrir fullorðnir reyni *oft* eða *næstum alltaf* að stöðva einelti gegn nemanda í skólanum. Þetta er töluvert lægra hlutfall en hjá þátttökuskólum í Reykjavík. Tæp 43% telja að umsjónarkennarinn sinn hafi gert *fremur lítið* eða *lítið eða ekkert* til að koma í veg fyrir einelti undanfarna mánuði og er það mun hærra hlutfall miðað við skólana í Reykjavík.

Þrátt fyrir að nemendur í rýnihópum vissu ekki af einelti í Gerðaskóla í vetur töluðu þeir um dæmi frá fyrri árum þar sem að þeirra mati var ekki gert nóg til að stöðva eineltið, kennarar stoppuðu það en svo væri því ekki fylgt nægilega vel eftir og „ekki talað við þann sem gerir heldur almennt við alla.“ Einnig kom fram að nemendur ættu að láta vita af einelti en svo væri því heldur ekki fylgt nægilega eftir. Nemendur sögðu að eineltið færi fram þar sem enginn sér, úti og á göngunum, og að það þyrfti að þeirra mati að auka gæsluna. Nemendur sögðu að það væri misjafnt eftir kennurum hvernig tekið væri á málum.

Fram kom hjá foreldrum óvissa um stöðu eineltismáls. Málið hafi farið í ferli þar sem fylgst var með en ekkert hefði fundist og foreldrum tjáð það á fundi. Ástandið hefði vissulega lagast í bili, en að mati foreldra hefði vantað upp á samráð og þau hefðu ekkert heyrt frá skólanum síðan.

Skólastjóri ætlar að mennta nýtt fólk til að leiða Olweusarverkefnið og áætlað er að 2-3 kennarar, ásamt skólastjóra, fari á námskeið hjá verkefnisstjóra þess. Námskeiðið var enn ekki hafið þegar matið fór fram. Samræmt agakerfi hefur ekki verið tekið upp í skólanum en PBS-stefnan hefur verið til skoðunar í skólanum og einnig stefnan *Uppeldi til ábyrgðar* og að sögn stjórnenda verður agastefna skólans mótuð í framhaldinu í ljósi þeirra.

Ekki liggja fyrir verklagsreglur um hvernig unnið er með þeim nemendum sem verða fyrir ofbeldi og ekki heldur hvernig unnið er með þeim sem beita ofbeldi. Í ljósi eineltismáls sem hefur verið til umfjöllunar hjá fagráði eineltismála í grunnskólum og þess sem kom fram í viðtölum sem tekin voru í tengslum við matið við foreldra barna sem orðið hafa fyrir einelti er mjög brýnt að setja slíkar verklagsreglur og tryggja að allt starfsfólk þekki þær og vinni eftir þeim.

Skólareglur eru sýnilegar á heimasíðu skólans og í skólanámskrá. Ekki er þó fullt samræmi á milli þess sem birtist á þessum tveimur stöðum. Reglurnar eru í endurskoðun að sögn

skólastjóra og kennarar tóku þær til umræðu með nemendum sl. haust með það fyrir augum að endurbæta þær.

Styrkleikar:

- Í skólanámskrá kemur fram áhersla á mikilvægi þess að vinna gegn einelti.
- Skólinn hefur verið þátttakandi í verkefni Olweusar gegn einelti og reglulega eru lagðar fyrir kannanir á stöðu eineltis.
- Nýir skólastjórnendur leggja mikla áherslu á vinna vel að eineltismálum.
- Stundaskrá hefur þegar verið breytt til að bregðast við vandamálum í frímínútum og hádegishléi.
- Skólareglur eru sýnilegar á heimasíðu skólans og í skólanámskrá.

Tækifæri til umbóta:

- Birta þarf sem fyrst endurskoðaða áætlun gegn einelti.
- Skerpa á því hvernig unnið er að forvörnum gegn einelti.
- Áríðandi er að virkja kennara og aðra starfsmenn samkvæmt endurskoðaðri eineltisáætlun, s.s. með bekkjarfundum í öllum bekkjum, nemendaviðtölum, almennri ábyrgð og afskiptum allra af nemendum.
- Bæta þarf gæslu í frímínútum, bæði inni og úti.
- Þegar upp koma eineltismál þarf að vinna að lausn þeirra í náinni samvinnu við foreldra eftir ákveðnu ferli og halda foreldrum vel upplýstum um gang mála.
- Móta verklagsreglur þar sem skýrt kemur fram hvernig unnið er bæði með gerendum og þolendum ofbeldis og eineltis og birta á heimasíðu. Áríðandi er að þeim reglum sé fylgt.
- Ljúka endurskoðun á skólareglum í samstarfi við nemendur og foreldra.

Skólabragur: Samskipti og samstarf

Í þessum kafla verður fjallað um samskipti við fræðsluyfirvöld, samskipti heimila og skóla og samskipti innan skólans.

Skólanefnd vinnur náið með skólanum. Skólastjóri situr alla fundi skólanefndar og haft er samráð við hann um mál sem sett eru á dagskrá. Í skólanefnd fer fram umræða um skólastarfið almennt en ekki um málefni einstaklinga. Skólanefnd fær kynningu á niðurstöðum kannana sem lagðar eru fyrir nemendur og starfsmenn og skólastjóri kynnir einnig hvernig brugðist verður við niðurstöðunum. Að sögn skólastjóra eru samskipti við skólafyrirvöld í sveitarfélaginu góð, farið er að reglum og formlegu verklagi fylgt og „allir eru að vanda sig.“ Formaður skólanefndar sem rætt var við staðfestir að samstarfið sé gott og „engar pólitískar deilur sem hafa áhrif á starfið.“

Gerðaskóli nýtur sérfræðipjónustu frá fræðslusviði Reykjanesbæjar. Tengiliður sérfræðipjónustu situr alla nemendaverndarráðsfundi í Gerðaskóla, tekur þátt í umræðum, veitir ráðgjöf og tekur við tilvísunum. Sérfræðipjónustan veitir markvissa ráðgjöf í framhaldi af tilvísunum og fer vinnan þá gjarnan fram í viðeigandi teymum. Samkvæmt upplýsingum frá sérfræðipjónustunni hafa engar tilvísanir borist í vetur frá Gerðaskóla í sambandi við erfið samskiptamál eða eineltismál, en á síðastliðnu skólaári unnu starfsmenn sérfræðipjónustu með kennurum skólans að þeim málum sem upp komu.

Skólastjóri hefur á haustönn boðið foreldrum til spjallfunda í skólanum og lagt sig fram um að ná til þeirra allra annað hvort á fundum eða í síma. Hann telur mikilvægt að vinna með viðhorf foreldra til skólans og talar um að samskiptavandi teygi sig aftur tvær til þrjár kynslóðir. Hann hefur á þessum fundum höfðað til foreldra að vinna með skólanum til að bæta samskiptin.

Skólastjóri hefur unnið með formanni foreldrafélags frá byrjun skólaárs en skólaráð hafði ekki komið saman þegar matið fór fram í desember.

Að mati flestra viðmælenda er brýn þörf að styrkja foreldrasamfélagið og efla samstarf foreldra og skóla. Foreldrar sem rætt var við voru að mestu sáttir og ánægðir með skólann en hafa þó mjög ólíka upplifun af samskiptum við kennara og upplýsingamiðlun, ýmist kemur fram mikil ánægja með samstarfið eða alveg hið gagnstæða, þ.e. þeim finnst upplýsingamiðlun takmörkuð og samskipti lítil.

Foreldraviðtöl eru tvisvar á skólaári hjá öllum árgöngum og í rýnihópum kemur fram að foreldrasamstarf takmarkast í mörgum tilvikum við þessi tvö samtöl. Misjafnt er hvort og hversu reglulega kennarar senda upplýsingar um skólastarfið til foreldra og það virðist kennurum í sjálfsvald sett hversu mikil upplýsingamiðlun og samskiptin eru. Í unglingsdeild eru sendar upplýsingar um ástundun og sumir kennarar nota Mentor til að miðla upplýsingum til foreldra en hjá foreldrum kemur fram að notkun á Mentor sé fremur neikvæð, þ.e. aðallega er upplýst um það sem miður fer.

Innan skólans er samstarfið gott og góður starfsandi að mati kennara og starfsmanna sem rætt var við og þeir eru ánægðir með nýja stjórnendur og samskipti við þá. Allir viðmælendur binda vonir við að nýir stjórnendur skólans séu komnir til að vera og það náist sátt um starfið og þróun þess undir þeirra stjórn.

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins frá skólaárinu 2014-2015 kemur fram að starfsánægja mælist svipuð og að landsmeðaltali en starfsandi innan skólans mælist marktækt lægri. Þar vegur þyngst að fjórðungur starfsfólks segist frekar ósammála fullyrðingunni *skólinn hefur góða ímynd*. Athyglisvert er einnig að marktækur neikvæður munur er á þáttunum *trú kennara á eigin getu*, *upplýsingamiðlun til foreldra*, *stuðningur við kennara vegna nemenda með námsörðugleika*, *samráð um kennslu*, *samvinna um kennslu og virk samvinna um skólaþróun og umbætur*. Einelti meðal kennara mælist einnig nokkuð hærra en á landsvísi í starfsmannakönnuninni en vikur þó ekki marktækt frá meðaltalinu. Fjöldi þátttakenda í könnuninni var 45 og svarhlutfall rúmlega 84%.

Í nemendakönnun Skólapúlsins skólaárið 2015 er ekki marktækur munur á sambandi nemenda við kennara þegar miðað er við landsmeðaltal. Í sömu könnun árið á undan var neikvætt marktækur munur og þá var marktækur munur innan skólaárs, þar sem niðurstöður voru marktækt betri að vori en að hausti. Þær fullyrðingar sem viku marktækt frá landsmeðaltalinu voru *ef mig vantar auka aðstoð þá fæ ég hana frá kennurunum mínum* og *flestir kennararnir eru sanngjarnir við mig*. Nemendur í rýnihópum voru almennt ánægðir með samskipti við kennara, starfsmenn og stjórnendur svo og við samnemendur en töldu að í einhverjum tilfellum þyrfti að vinna að því að bæta samskipti nemenda. Bekkjarandi er misjafn að þeirra sögn og í sumum bekkjum skiptast nemendur í hópa sem eiga lítið sameiginlegt.

Stjórnendur sem tóku við skólanum í haust hafa lagt sig fram um að stuðla að jákvæðum samskiptum nemenda og m.a. var stundaskrá breytt við annaskipti í janúar til að draga úr árekstrum sem gjarnan urðu í seinni frímínútum og í matsal. Seinni frímínútum er nú sleppt og tími í matsal fyrir hvern hóp hefur verið lengdur þannig að nemendur geti matast við rólegri aðstæður en áður.

Styrkleikar:

- Samskipti skólans við fræðsluyfirvöld í Garði eru góð að mati viðmælenda.
- Gerðaskóli nýtur sérfræðiþjónustu frá fræðslusviði Reykjanesbæjar.
- Nýir stjórnendur hafa lagt mikla áherslu á að ná til allra foreldra og kalla þá á fundi til samráðs.
- Starfsmenn í rýnihópum eru ánægðir með sitt samstarf innan skólans.
- Nemendur í rýnihópum voru almennt ánægðir með samskipti við kennara, starfsmenn og stjórnendur.

Tækifæri til umbóta:

- Leita leiða til að auka traust í skólasamfélaginu og bæta ímynd skólans enn frekar.
- Styðja við kennara með ráðgjöf, teymisvinnu og/eða jafningjamati með það að markmiði að styrkja þá í starfi.
- Tryggja að allir kennarar veiti reglulega upplýsingar um nám, hegðun, líðan og samskipti nemenda.
- Halda áfram að leita leiða til að allir foreldrar verði virkir þátttakendur í skólastarfinu.
- Skólaráð haldi reglulega fundi til að tryggja samráð um skólastarfið og foreldrasamstarf.
- Vinna áfram að því að bæta bekkjaranda.

4 Viðauki - Viðmið

Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum

Skólabragur

Viðmið um gæði skólabrags voru unnin í samstarfi Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur og Námsmatsstofnunar. Að því verki komu Birna Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri á skóla- og frístundasviði, Guðrún Edda Bentsdóttir verkefnastjóri á skóla- og frístundasviði, Nanna K. Christiansen verkefnastjóri á skóla- og frístundasviði og Una Björg Bjarnadóttir, kennsluráðgjafi í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis.

Viðmiðin sem hér fara á eftir, eru fyrst og fremst byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla ásamt Stefnu og starfsáætlun skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar. Einnig er byggt á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, en þar segir í markmiðsgrein um menntun (29. gr.)

Menntun á gefa börnum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og undirbúa þau til að lifa ábyrgu lífi í frjálsu þjóðfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, jafnréttis kynjanna og vináttu allra þjóða og þjóðernishópa. Stuðla ber að virðingu fyrir mannréttindum, mismunandi menningarlegri arfleifð, tungu og gildismati, öðru fólki og náttúrulegu umhverfi mannsins.

Stuðst var einnig við viðmið um gæði skólabrags í leikskóla og viðmið frá Námsmatsstofnun um skólabrag. Hópurinn skoðaði einnig erlent efni þar sem því er lýst hvernig stuðla megi að og meta gæði skólabrags.

Gengið var frá viðmiðunum og þau tilbúin til notkunar við ytra mat á grunnskólum í lok október 2014. Viðmiðin verða notuð sem fjórði matsþáttur við ytra mat skóla, að ósk skólans eða þar sem þörf telst að meta þennan þátt skólastarfsins sérstaklega og koma þá til viðbótar öðrum viðmiðum um gæði í skólastarfi.

Grunnskólar geta einnig nýtt sér viðmiðin við innra mat skólans, þá skal bent á að einnig er fjallað um sömu eða hliðstæða þætti í öðrum viðmiðum matsins, sjá: Viðmið um gæði í skólastarfi (<http://reykjavik.is/vidmid-um-gaedi-i-skolastarfi-fyrir-ytra-mat-grunnskolum>). Sérstaklega skal þar bent á kafla 2 um *Þátttöku og ábyrgð nemenda* og kafla 3 um *Námsaðlögun* í matsþættinum og ***Nám og kennsla***.

Viðmiðin sem hér fara á eftir skipast í undirkaflana: Stefna og viðhorf, Líðan nemenda, Nemendalýðræði og Verklagsreglur og áætlanir. Viðmið fyrir hvern kafla lýsir gæðastarfi í grunnskóla hvað varðar viðkomandi þætti starfsins. Vísbendingar sem fylgja eru settar fram til að varpa ljósi á framkvæmd skólastarfsins og auðvelda matsmönnum að leggja mat á hvernig til tekst að uppfylla viðmið um gæðastarf.

Stefna og viðhorf

Jákvæður skólabragur einkennir allt skólastarfið. Gildi skólans endurspeglar jákvæð viðhorf og væntingar. Skólinn hefur mótað heildstæða stefnu um góðan skólabrag sem einkennist af því að hagsmunir barna eru hafðir að leiðarljósi. Lögð er áhersla á að gefa börnum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og undirbúa þau til að lifa ábyrgu lífi í frjálsu þjóðfélagi. Stjórnendur skólans kosta kapps um að stuðla að jákvæðum samskiptum, gagnkvæmu trausti, samstöðu og samábyrgð starfsfólks, nemenda og foreldra. Foreldrar hafa jákvætt viðhorf til skólans, þeir eru virkir samstarfsaðilar og reglulegt samráð er haft um hegðun, líðan og samskipti nemenda.

Vísbendingar

- Skólabragur einkennist af samvinnu, skuldbindingu og ábyrgð allra í skólasamfélaginu.

- b. Skipulega er unnið með gildi skólans.
- c. Skólinn hefur mótað heildstæða stefnu um jákvæðan skólabrag.
- d. Starfsfólk, nemendur og foreldrar hafa tekið þátt í að móta stefnu um jákvæðan skólabrag.
- e. Í skólanum ríkir sameiginlegur skilningur á grunnildum og hvernig þeim er fylgt eftir.
- f. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir stefnunni ásamt leiðum til að viðhalda góðum skólabrag.
- g. Í skólanámskrá kemur fram hvernig unnið er að því að innleiða og viðhalda jákvæðum skólabrag.
- h. Í greinanámskrám kemur fram áhersla á lífsleikni, sterka sjálfsmynd, heilbrigða lífshætti og uppeldi til jafnréttis.
- i. Stjórnendur hafa forystu um aðgerðir til að viðhalda jákvæðum skólabrag.
- j. Samskipti milli starfsfólks, nemenda og foreldra einkennast af virðingu og gagnkvæmu trausti.
- k. Reglulegt og gagnkvæmt samráð er haft um hegðun, líðan og samskipti nemenda.
- l. Í skólanum ríkir það viðhorf að allir séu samábyrgir fyrir góðu skólastarfi.
- m. Væntingar til nemenda eru jákvæðar hvað varðar hegðun og árangur í námi.
- n. Áhersla er á öryggi nemenda og jafnan rétt allra.

Líðan nemenda

Heilbrigði sem byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan endurspeglast í skólastarfinu öllu. Umhverfið er heilsueflandi og öruggt þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Sérstaklega er gætt að öryggi og jákvæðum samskiptum í námshléum. Hvatt er til heilsusamlegra lífshátta, daglegrar hreyfingar, hvíldar og hollrar næringar. Áhersla er á góð samskipti allra og skilningur eflur á eigin tilfinningum og annarra.

Vísbendingar

- a. Í skólanámskrá kemur fram hvernig unnið er með skipulögðum hætti að því að efla tilfinningaþroska, samkennd, félagsfærni, sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd nemenda.
- b. Í skólanámskrá kemur fram á hvaða hátt kennsluáðferðir eru notaðar til að efla samkennd og auka skilning á viðhorfum og skoðunum annarra.
- c. Áherslur samstarfs skóla og heilsugæslu um heilbrigði koma fram í skólanámskrá.
- d. Reglulega er lagt mat á líðan og samskipti nemenda í skólanum.
- e. Skólinn hefur mótað verklag til að meta og bregðast við þegar nemendur búa við líkamlegt, andlegt eða félagslegt ofbeldi í skólastarfinu. (Það er gert skipulega í öllum bekkjum skólans a.m.k. einu sinni á önn; með nemendaviðtölum; með tengslakönnunum; með könnunum á líðan nemenda).
- f. Ábyrgðin á framkvæmd þessara athugana er kunn öllum starfsmönnum.
- g. Verkerflar eru um viðbrögð við niðurstöðum þegar vísbendingar eru um að nemandi búi við ofbeldi.
- h. Skipulag á skólalóð hvetur til hreyfingar.
- i. Nemendur hafa vinnufrið í kennslustundum.
- j. Í skipulagi er hugað að jafnvægi milli vinnu, hvíldar, næringar og hreyfingar.
- k. Heilbrigði er meðal áhersluþátta í símenntun starfsmanna.
- l. Nemendur fá markvissa þjálfun í samvinnu þar sem jákvæð samskipti eru höfð að leiðarljósi.
- m. Nemendur njóta hæfileika sinna í félagsstarfi.

Nemendalýðræði

Nemendur fá leiðsögn og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og læra um lýðræði í lýðræði. Í öllum starfsháttum er borin virðing fyrir manngildi hvers og eins. Horft er til styrkleika hvers nemanda og væntingar gerðar til allra um að þeir leggi sig fram og nái árangri. Nemendur taka virkan þátt í skipulagi skólastarfs sem snýr að námi þeirra og félagsstarfi. Nemendum er skapaður vettvangur til að koma skoðunum sínum á framfæri og tillit er tekið til þeirra. Nemendur í stjórn nemendafélags og skólaráði koma fram sem fulltrúar nemendahópsins og eru í virkum tengslum við hann með gagnkvæmum upplýsingum.

Vísbendingar

- a. Lýðræði endurspeglast í kennsluháttum, og virkni nemenda (samræða, samvinna, val um verkefni, nemendur setja sér markmið).
- b. Félagsfærni nemenda er eflað með því að skapa þeim tækifæri til virkrar þátttöku í skólastarfi.
- c. Nemendasamtöl eru vettvangur hvatningar og endurgjafar til nemenda.
- d. Nemendur fá tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri, m.a. á bekkjarfundum, í nemendasamtölum og samráðsfundum með foreldrum.
- e. Nemendur fá tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum sem lúta að námi þeirra og félagslegu starfi, s.s. í bekkjarráði, nemendaráði, skólaráði og/eða umhverfisráði Grænfána.
- f. Fulltrúar nemenda í stjórn nemendafélags eru kosnir á lýðræðislegan hátt.
- g. Fulltrúar nemenda í skólaráði eru kosnir á lýðræðislegan hátt.
- h. Barnasáttmálinn er kynntur nemendum og unnið með hann á skipulegan hátt í skólastarfinu.

Verklagsreglur og áætlanir

Skólinn hefur mótað áætlanir og eigið verklag til að fyrirbyggja líkamlegt, andlegt og/eða félagslegt ofbeldi, þ.á.m. einelti. Áætlanir eru í samræmi við grunngildi skólans. Lögð er áhersla á að flétta forvarnir inn í nám nemenda. Gerð er grein fyrir því hvernig brugðist er við ofbeldi og einelti, m.a. í áætlun um framkvæmd tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum. Í skólareglum er m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, stundvísi, ástundun náms, heilbrigðar lífsvenjur og öryggi nemenda. Í reglunum kemur fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á þeim.

Vísbendingar:

- a. Áætlun gegn einelti hefur verið gerð. Hún samræmir forvarnir, inngrip og eftirfylgd í eineltismálum.
- b. Áhersla á forvarnir er fléttuð inn í skólastarfið með eflingu lýðræðislegra vinnubragða.
- c. Áhersla er á samræðu í námi og kennslu.
- d. Allir eiga hlutdeild í eineltisáætlun skólans m.a. með reglulegri umfjöllun og kynningu? (Hér er átt við nemendur, kennara, annað starfsfólk og foreldra).
- e. Unnið er eftir verkferlum um viðbrögð við brotum á reglum skólans.
- f. Fyrir liggur markvisst ferli varðandi stuðning við nemendur sem verða fyrir ofbeldi.
- g. Fyrir liggur markvisst ferli varðandi stuðning við nemendur sem beita ofbeldi.
- h. Það er ríkjandi viðhorf að einelti og annað ofbeldi sé vandamál skólasamfélagsins fremur en einstakra nemenda.
- i. Skólareglur eru sýnilegar, m.a. á heimasíðu skólans.
- j. Skólareglur eru endurskoðaðar reglulega og ekki sjaldnar en á þriggja ára fresti.
- k. Fulltrúar allra í skólasamfélaginu eiga hlutdeild í gerð og endurskoðun skólareglna.
- l. Skólareglur eru í samræmi við ákvæði í reglugerð.
- m. Í reglunum er útskýrt hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á skólareglunum.
- n. Reglurnar eru skipulega kynntar og ræddar með starfsfólki, nemendum og foreldrum.
- o. Reglur skólans eru sýnilegar í umgengni og í samskiptum nemenda og kennara og nemenda.
- p. Reglurnar samræmast ákvæðum Barnasáttmála hvað varðar eftirtalda þætti:
 - Hagsmunir nemenda eru hafðir að leiðarljósi.
 - Jafnrétti allra nemenda er tryggt.
 - Stuðlað er að virkri hlutdeild foreldra.
 - Tjáningarfrelsi nemenda er virt.
 - Réttur barna til að halda sérkennum sínum er virtur.
 - Agi í skólum samrýmist mannlegri reisn nemenda.
 - Þegar tekið er á broti á skólareglum er andmælaréttur nemenda og foreldra tryggður.